



Reglur um stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach 2020

Alliance Française í Reykjavík og Sendiráð Frakklands á Íslandi, í samstarfi við Reykjavíkurborg, Zik Zak Filmworks, AGAT Films og Kvikmyndamiðstöð Íslands og með atbeina stuttmyndahátíðarinnar Côté Court í Frakklandi efna nú í fjórða sinn til stuttmyndasamkeppni í nafni leikstjórans Sólveigar Anspach, í virðingarskyni við leikstjóran sem lést í ágúst 2015.

Stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach var stofnuð árið 2016. Markmið keppinnar er að heiðra stuttmyndir sem leikstýrt er af frönskum eða frönskumælandi / íslenskum eða íslenskumælandi konum, en um leið að styðja við frumlega kvikmyndagerð kvenna.

Sólveigar Anspach samkeppnin er opin stuttmyndum sem konur hafa leikstýrt. Keppnin er hluti af Frönsku kvikmyndahátíðinni sem fram fer árlega á Íslandi. Hátíðin 2020 stendur frá 23. janúar til 2. febrúar.

Stuttmyndirnar, sem dómnefnd velur, verða sýndar á sérstakri kvöldvöku í Reykjavík (á Íslandi) sem hluti af Frönsku kvikmyndahátíðinni og í Pantin (í Frakklandi) sem hluti af Stuttmyndahátíðinni Côté Court.

1) Skilyrði fyrir þátttöku eru eftirfarandi:

- að leikstjóri stuttmyndarinnar sé kona, með ríkisfang eða búsetu í frönskumælandi landi, eða sé íslensk eða búsett á Íslandi og hún hafi ekki haft framleiðslufyrirtæki á bak við sig í fleiri en þremur myndum.
- að myndin sé að hámarki 20 mínútna löng, að meðtöldum kreditlistum. Öllum myndum, sem fara fram yfir þessi mörk, verður umyrðalaust hafnað.
- að lokið hafi verið við myndina eftir 1. janúar 2017.
- að myndin sé á frönsku eða íslensku.
- að myndin sé með enskum texta.
- að myndin hafi verið skráð til keppni fyrir **9. nóvember 2019** kl. 23:00 UTC samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í 3. lið.
- að myndin sé á VIMEO formi **eingöngu**.

Ef myndin kemst í úrval dómnefndar skuldbindur þátttakandinn sig til að senda myndina póstleiðis í DCP formi, til sýningar í kvikmyndasölum.

2) Keppnin er opin stuttmyndum af hvaða tagi sem er.

3) Umsóknargögn.

Skráning í keppnina er ókeypis.

Hver þátttakandi verður að skrá myndina fyrir 9. nóvember 2019 kl. 23:00 UTC.

Innritunareyðublaðið er að finna á slóðinni <http://sa2020.af.is/>

Við innritun verður þátttakandi að veita eftirfarandi upplýsingar:

- feril leikstjóra (á ensku)
- VIMEO tengil á myndinni

Umsækjendur mega ekki hafa fengið verðlaun Sólveigar Anspach áður.

4) Valið

Nefndin, sem skipuleggur keppnina, velur í úrslit 20 stuttmyndir úr hópi innsendra mynda.

Sjálf dómnefndin er skipuð frönsku- og íslenskumælandi fólki úr kvikmynda- og menningarheiminum. Hún velur bestu stuttmyndirnar á frönsku og á íslensku. Hún afhendir verðlaun fyrir bestu stuttmyndina á frönsku og fyrir bestu stuttmyndina á íslensku.

Verðlaunagripur, sem íslenska listakonan Mireya Samper hannaði (<http://mireya.is/>), verður afhentur leikstjórum bestu tveggja verðlaunamyndanna eða fulltrúa þeirra.

Allar valdar stuttmyndir verða sýndar á Frönsku kvikmyndahátíðinni í janúar 2020 í Reykjavík (á Íslandi) og á stuttmyndahátíðinni Côte Court í júní 2020 í Pantin (í Frakklandi).

Þátttakendur, sem eiga myndir í úrslitum, verða látnir vita af því í tölvupósti. Þeim verður boðið á kvöldvökuna í Reykjavík. Kostnaður við þáttökuna – ferðir, gisting, matur o.s.frv. – er ekki greiddur af aðstandendum keppinnar og er algjörlega á ábyrgð þátttakenda.

Ákvörðun skipulags- og dómnefnda verður ekki áfrýjað.

5) Dreifing og réttindi

Stuttmyndirnar má sýna án þóknunar meðan á kvikmyndahátíðinni stendur. Ábyrgðaraðilinn, sem skráir stuttmynd til keppinnar, fríar aðstandendur keppinnar af öllum kröfum og /eða málalíbúnaði sem kann að rísa af hálfu höfunda eða hagsmunaaðila, klippara, upptökustjóra, leikara, eða annarra sem tóku þátt í gerð myndarinnar, og almennt allra sem beint eða óbeint komu að framleiðslu eða

tökum á stuttmyndinni sem skráð var í stuttmyndakeppni Sólveigar Anspach. Það sama á einnig við um hvern þann karl eða konu sem ekki tók þátt í framleiðslu eða töku myndarinnar, en telur sig eiga tilkall til einhverra hagsmuna eða réttinda í tengslum við myndina á kvikmyndahátíðinni, í heild eða að hluta.

Skipuleggjendur hátíðarinnar skuldbinda sig til að nota stuttmyndirnar á engan hátt í viðskiptalegum tilgangi.

6) Afturköllun umsóknar

Öllum þátttakendum er frjálst að draga mynd sína út úr stuttmyndasamkeppninni með tilkynningu í tölvupósti til sashortfilms@af.is til 30. desember 2019. Eftir þann dag verður ekki hægt að afturkalla umsókn.

7) Tryggingar – ferðalög – tollar

Sendandi greiðir:

- flutningskostnað sem til fellur vegna sendingar myndarinnar í DCP formi til Alliance Française, ef til þess kemur.
- tryggingarkostnað vegna sendingar, og alls sem því heyrir til, á afriti stuttmyndarinnar.

8) Ágreiningur

Með því að taka þátt í stuttmyndakeppninni samþykkja þátttakendur sjálfkrafa að hlíta skilyrðislaust reglum keppinnar. Komi til ágreinings verður eingöngu byggt á frönskum texta reglnanna.

9) Ef keppnin verður felld niður

Aðstandendur keppinnar áskilja sér rétt til að breyta, seinka eða aflýsa keppninni vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem upp kunna að koma.

Gert í Reykjavík 1. september 2019.

